

# Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis fyrir fiskimjölsverksmiðju HB Granda hf., Akranesi

HB Granda hf. hefur verið veitt starfsleyfi fyrir rekstur fiskimjölsverksmiðju á Akranesi. Í starfsleyfinu er rekstaraðila veitt heimild til að framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og öðrum fiskúrgangi, sem ætlaður er til endurvinnslu í verksmiðjunni. Heimilt er að framleiða úr allt að 1.000 tonnum af hráefni á sólarhring. Fyrra starfsleyfi verksmiðjunnar rennur út 1. febrúar 2014 og óskaði rekstraraðili eftir nýju starfsleyfi á sambærilegum forsendum.

Umhverfisstofnun auglýsti opinberlega tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 21. maí til 16. júlí 2013. Stofnunin framlengdi frest til athugasemda til 30. september, samkvæmt ósk þar um frá Akraneskaupstað og vegna athugasemda frá bæjarbúum. Tillagan var, auk opinberrar auglýsingar, sérstaklega send til umsagnar hjá Akraneskaupstað, Heilbrigðisnefnd Vesturlands og HB Granda hf. Þá lá tillagan frammi í ofangreindan tíma á skrifstofu Akraneskaupstaðar ásamt umsóknargögnum.

Umhverfisstofnun hélt 16. september sl. opinn kynningarfund um málið þar sem rakið var hver tilgangur starfsleyfa Umhverfisstofnunar er og hvaða regluverk gildir um þau ásamt helstu atriðum sem vörðuðu tillöguna. Fundur var haldinn í húsnæði stjórnsýslustofnunar Akraness, að Stillholti 16-18.

Umsagnir og fyrirspurnir bárust frá þremur aðilum á auglýsingatíma (íbúum við Bakkatún þann 15. júlí, íbúa við Háteig þann 28. júlí og Akraneskaupstað þann 27. september), og ein athugasemd kom fram í samráðsferli sem hafði átt sér stað þar á undan (Heilbrigðisnefnd Vesturlands 10. apríl). Athugasemdirnar eru raktar hér ásamt viðbrögðum Umhverfisstofnunar.

- Heilbrigðisnefnd Vesturlands sendi athugasemd í samráðsferli áður en tillagan var auglýst. Þar kemur fram það álit að drög að starfsleyfistillögunni gefi góða mynd af kröfum sem gerðar eru til fiskimjölsverksmiðja. Hins vegar er því sjónarmiði komið á framfæri að óeðlilega lyktarmengun ætti að tilkynna til bæjayfirvalda, heilbrigðisnefndar og almennings. Einnig að „eftirlitsnótur“ á heimasíðu Umhverfisstofnunar séu ekki fullnægjandi upplýsingagjöf. Heilbrigðisnefndin gerir einnig sömu athugasemdir um mælingar sem skylt er að gera sbr. ákvæði 3.2 í drögunum.
  - Umhverfisstofnun hefur síðustu árin unnið markvisst að bættu aðgengi almennings að gögnum tengdum starfsleyfum. Á vef stofnunarinnar hefur almenningur beinan aðgang að starfsleyfum, eftirlitsskýrslum og mæliniðurstöðum. Ef fyrirtæki fær áminningu sem leiðir til þvingunaraðgerðar kemur það einnig fram á vef stofnunarinnar.
  - Umhverfisstofnun vinnur tilkynningar í samræmi við skráðan verkferil fyrir tilkynningar/ábendingar. Öll slík erindi eru skráð, greind og fyrstu viðbrögð ákveðin. Tilkynningar um lyktarmengun fara þannig strax til eftirlitsteymis Umhverfisstofnunar, sem hefur samband við bæði tilkynnanda og rekstraraðila við greiningu á málinu. Ef lyktarmengunin tengist broti á ákvæði í starfsleyfi

leiðir það til ákvörðunar um frávík, sem kemur fram í næstu eftirlitsskýrslu fyrirtækisins, sem er birt á starfsleyfisvef Umhverfisstofnunar. Ef frávikið leiðir til þvingunaraðgerða kemur það einnig fram á starfsleyfisvefnum.

- Íbúi við Háteig varaði við því að aukin beinavinnsla myndi þýða að rekstur verksmiðjunnar stefndi í fjórföldun í dögum talið, vegna aukningar í beinavinnslu.
  - Samkvæmt rekstraraðila fer árlegur vinnslutími verksmiðjunnar úr 90 dögum í 200 daga, sem er rúm tvöföldun í dögum talið. Beinavinnslan mun fara fram í sérstakri vinnslulínu með vinnslugetu fyrir 50 tonn hráefnis á sólarhring þessa aukadaga, sem er um það bil 20-falt minna magn en þegar einnig er unninn uppsjávarfiskur eins og loðna.
- Nokkrir íbúar við Bakkatún gerðu tillögur um nokkrar breytingar frá auglýstri tillögu að starfsleyfi:

Lagt er til að ...

- ✓ textinn „*Loftræsting skal vera þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum eða vegfarendum óþægindum.*“ verði settur inn í starfsleyfið.
  - Umhverfisstofnun velur að hafa ekki ofangreindan texta í leyfinu. Í staðinn leggur stofnunin áherslu á forvarnir og aðgerðir til úrlausna ef lyktarmengun veldur fólki eða vegfarendum óþægindum.
  - Samkvæmt grein 1.3 í starfsleyfis skal rekstraraðili nota bestu fánlegu (BAT) tækni við mengunarvarnir, og er lagt til að þeirri tækni verði beitt til hins ýtrasta, svo sem til að eyða lykt í efnaturni með klórefnum (grein 2.12) ef upp kemur lyktarmengun sem bæjarbúar kvarta yfir. Einnig ber rekstraraðila að draga úr loftmengun í samræmi við áætlun gegn loftmengun (2. mgr. gr. 2.9).
  - Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila verður beinavinnslan með nýjum tækjabúnaði og eingöngu verður notað ferskt hráefni, sem verður unnið jafnóðum með vinnslulínu sem eingöngu hefur það hlutverk. Uppsöfnun beinaúrgangs sem skemmist við geymslu og tilheyrandi lyktarmengun við vinnslu ætti því að heyra sögunni til.
  - Í grein 1.6 í starfsleyfi er ákvæði um endurskoðun starfsleyfis, að jafnaði á fjögurra ára fresti (texta „*að jafnaði*“ bætt við eins og er í viðkomandi reglugerð). Samkvæmt því getur Umhverfisstofnun tekið leyfið til endurskoðunar, ef ofangreindar leiðir gagnast ekki við að halda lyktarmengun undir þægindamörkum fyrir íbúa.
  - Í þeim tilvikum sem íbúar telja að lyktarmengun vegna starfseminnar fari yfir þægindamörk eru þeir hvattir til að láta bæði rekstraraðila og Umhverfisstofnunar strax vita af því.
- ✓ mælingar á hráefni í vinnslu verði gerðar af Umhverfisstofnun í eftirlitsferðum.
  - Umhverfisstofnun hefur heimild til að taka sýni og greina eða fá óháða aðila til að gera það. Umhverfisstofnun stefnir að því að beita þeim úrræðum, og þá á almennum grundvelli, þar sem öll fyrirtæki með mengandi starfsemi gætu komið til slíkrar skoðunar.
- ✓ að skylt verði að geyma hráefni í lokuðum geymslum.
  - Leyfistexta í gr. 2.5 hefur verið breytt í samræmi við það.
- ✓ sækja skuli um sérstakt vinnsluleyfi til Umhverfisstofnunar ef TVN gildi fari yfir mörk.

- Ef gögn fyrir TVN gildi frá verksmiðjunni eru skoðuð frá og með 2009 til nóvember 2013, má sjá að aðeins einu sinni hafa sýni farið yfir 120 mg mörkin (124 mg gildi þann 21. febrúar 2012). Það tilvik var strax tilkynnt til Umhverfisstofnunar, og var rakið til bilunar í innmötunarbúnaði sem hæggði á vinnslu, ásamt átu í hráefni. Rekstraraðili áætlaði að vinnslu þess lyki aðfaranótt næsta dags. Það er því ljóst að há TVN gildi hráefnis virðist almennt ekki vera vandamál í vinnslu uppsjávarfisks hjá HB Granda. Umhverfisstofnun telur því ekki að veiting sérstaks vinnsluleyfis leysi mál varðandi of há TVN gildi hráefnis. Athygli vekur að engin önnur TVN gildi eru yfir 100 mg á þessum tíma. Umhverfisstofnun hefur, að tillögu rekstraraðila, lækkað tilkynningarmörkin úr 120 mg í 100 mg (grein 2.2). Ef farið verður yfir 100 mg TVN mörkin þarf rekstraraðili að tilkynna Umhverfisstofnun um slík tilvik eins fljótt og mögulegt er, ásamt bæjar- og heilbrigðisyfirvöldum og vinna hráefnið í samræmi við áætlun gegn loftmengun (2. mgr. gr. 2.9).
- ✓ hurðir verði tvöfaldar til að tryggja undirþrýsting.
  - Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um tæknilega útfærslu við að ná fram stöðugum undirþrýstingi. Í staðinn er bætt við í texta greinar 2.10, um að „Leita skal markvisst leiða til að halda stöðugum undirþrýstingi á húsinu við vinnslu, í samræmi við áætlun gegn loftmengun skv. gr. 2.9“.
- ✓ allt mengandi loft fari í hæsta skorsteininn.
  - Allt þurrkaraloft fer í hæsta skorstein. Loft frá olíubrennurum fer í aðra skorsteina, enda takmörkuð lyktarmengun frá því.
- ✓ frárennsli verði þannig frágengið að ekki valdi mengun innan og utan hafnargarðs.
  - Mannaskólp og frárennsli af gólfum fer í frárennslisveitu sveitarfélagsins, og hreinsivökvi af tækjum og frá lofthreinsiturnum með frárennsli út fyrir hafnargarðinn. Reglulegar mælingar verða gerðar á báðum frárennslunum, nema mannaskólpshluta og fylgst með hvort kröfur séu uppfylltar.
- ✓ rannsókn verði gerð á gulleitum „fitublettum“ á húsum og bílum við verksmiðjuna.
  - Skv. rekstraraðila var um einstakt tilvik að ræða. Skýringin reyndist vera notkun á brennsluolíu sem kom gölluð frá dreifingaraðila. Sú olía brann illa, með tilheyrandi mengun. Þegar það kom í ljós var hætt að brenna þessa olíu. Í leyfinu eru sett losunarmörk 100 mg/Nm<sup>3</sup> fyrir ryk í útblæstri frá olíubrennara. Útblástur er yfirleitt ekki sýnilegur undir þeim mörkum skv. Environmental Guidelines on Best Available Techniques (BAT) for the Production of Asphalt Paving Mixes (EAPA 2007).
- Í umsögn Akraneskaupstaðar komu fram nokkrar tillögur og athugasemdir:
  - ✓ talið er mikilvægt að senda tilkynningar um frávík til bæjar- og heilbrigðisyfirvalda þegar þær fara til Umhverfisstofnunar.
    - Texta sem fjallar um TVN mælingar sem greinast yfir mörkum hefur í starfsleyfi verið breytt þannig að einnig bæjar- og heilbrigðisyfirvöld fá tilkynningarnar sendar. Leyfistexta hefur verið breytt í samræmi við það í 2. mgr. gr. 2.9. Varðandi frávík sem koma í ljós við eftirlit og framvindu þeirra vísar Umhverfisstofnun til starfsleyfissíðu HB Granda

á vef Umhverfisstofnunar (<http://www.ust.is/einstaklingar/mengandi-starfsemi/fiskimjolsverksmidjur/h.b-akranesi/>).

- ✓ lagt er til að rekstraraðili leggi fram greinargerð um hvernig draga megi úr loftmengun og hvernig undirþrýstingur verði tryggður í vinnsluhúsum, sem og afsog frá þeim.
  - Nýrri málsgrein er bætt við leyfið (2. mgr. gr. 2.9), um að „*Rekstraraðili skal leggja fram áætlun gegn loftmengun fyrir 1. maí 2014. Áætlunin skal fjalla um hvernig draga megi úr loftmengun og hvernig undirþrýstingur verði tryggður í vinnsluhúsum, sem og afsog frá þeim. Áætlunin á einnig að ná til verklagsregla um meðhöndlun hráefnis, vinnslu hráefnis með TVN gildi yfir mörkum, sem og möguleika á takmarkaðri vinnslu um helgar, yfir sumarmánuði og í óhagstæðum vindáttum. Áætlunina á að endurskoða á árs fresti og skal hún vera aðgengileg almenningi*“.
- ✓ Umhverfisstofnun skuli setja fram skýr tímamörk fyrir fullnægjandi úrbætur ef um endurtekin frávik er að ræða varðandi greinar 2.16 og 2.17.
  - Umhverfisstofnun hefur síðustu árin endurskoðað áminningarferil fyrir frávik sem koma fram við eftirlit stofnunarinnar. Niðurstaðan er sú að frávikum hefur fækkað hjá starfsleyfishöfum árið 2012. Sú niðurstaða kemur fram í fréttatilkynningu þann 21. mars í ár um bætt eftirlit stofnunarinnar (<http://www.ust.is/einstaklingar/frettir/frett/2013/03/21/Hert-efirlit-skilar-ser-i-faerri-fravikum/>). Athygli vekur að ef árin 2011 og 2012 eru borin saman fyrir fiskimjolsverksmiðjur þá fækkar frávikum úr 19 í 10. Einnig er eftirtektarvert að úrbótum er lokið eða úrbótaáætlanir samþykktar fyrir öll frávik ársins 2012 hjá þeim fiskimjolsverksmiðjum er um ræðir.
- ✓ lagt er til að hávaðamæling verði gerð fyrir árslok 2014.
  - Starfsleyfistexta gr. 3.4 er breytt í að hávaða skal mæla frá verksmiðjunni fyrir árslok 2014, og það verði gert þegar verksmiðjan er í fullri starfsemi.
- ✓ talið er nauðsynlegt að Umhverfisstofnun leggi fram áætlun um hvernig eftirliti verði háttáð, þannig að ekki leiki vafi á um hvort ákvæði starfsleyfisins og reglugerðarinnar séu virt.
  - Ákvæði sem fram koma í starfsleyfi eru grunnur fyrir það eftirlit sem Umhverfisstofnun hefur með viðkomandi fyrirtæki. Fiskimjolsverksmiðjur falla undir eftirlitsflokk 2 en í því felst að stofnunin fer í eftirlit einu sinni á ári með tveimur eftirlitsmönnum. Í kjölfar eftirlits er útbúin eftirlitsskýrsla sem er sett á vef Umhverfisstofnunar ásamt tilheyrandi gögnum (<http://www.ust.is/einstaklingar/mengandi-starfsemi/fiskimjolsverksmidjur/h.b-akranesi/>). Í eftirlitsskýrslu koma fram öll frávik og athugasemdir sem eru gerðar og ef frávik fara í áminningarferli fer það einnig á vef stofnunarinnar. Umhverfisstofnun telur ofangreindan verkferil tryggja að öllum sé ljóst hvernig eftirliti er háttáð og að það nái til ákvæða starfsleyfa og tengdra reglugerða.
- ✓ vegna nálægðar við íbúðahverfi þarf rekstraraðili að horfa til þess að takmarka vinnslu um helgar, yfir sumarmánuðina og í óhagstæðum vindáttum eftir því sem framast við verður komið.

- Bætt hefur verið við ákvæði í 2. mgr. gr. 2.9 um gerð áætlunar gegn loftmengun, að hún fjalli einnig um möguleika á takmarkaðri vinnslu um helgar, yfir sumarmánuði og í óhagstæðum vindáttum.

Umhverfisstofnun breytti að auki að eigin frumkvæði grein 2.3 og 2.4 þannig að í stað orðalagsins „*afskurður og fráflokkaður fiskur*“ er notað „*afskurður og annar fiskúrgangur*“. Dagsetningu var breytt fyrir mælingu á útblásturshraða í skorstein í 1. janúar 2015. Einnig var texta breytt í grein 3.2 úr: „*Ein mæling skal gerð á útblæstri frá olíubrennurum*“ í „*Framkvæma skal mælingar á ryki í útblæstri allra olíubrennara*“. Nokkrum öðrum greinum leyfisins var lítillega breytt hvað orðalag varðar og til að gera textann skýrari.